

Fundargerð

73. stjórnarfundur FHA haldinn 29. maí 2015 kl. 14:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Guðmundur Kristján Óskarsson (GKÓ), Ólína Freysteinsdóttir (ÓF), Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir (RLB), Pia Viinikka (PV) og Þorlákur Axel Jónsson (ÞAJ). Hreiðar Valtýsson (HV) forfallaðist.

Dagskrá:

1. Fundargerð

72. stjórnarfundur var lögð fram og samþykkt án athugasemda.

2. Undirbúningur aðalfundar 29. maí 2015

GKÓ kynnti reikninga félagsins.

- Tapreksturinn er í samræmi við stefnu félagsins um að ganga á sjóði sína.
- Lækkun félagsgjalda úr 1,3% af launum í 0,7%, aukinn ferðakostnaður í tengslum við kjarasamninga ásamt því að nú greiðir félagið fyrir störf sem voru ólaunuð áður, skýrir tapið.
- Stjórn ákvað að leggja til að félagsgjöld verði hækkuð úr 0,7% í 0,9% af launum félagsmanna.

3. Að læra á HA

Fundarmenn ræddu að snúið væri fyrir nýja starfsmenn að kynnast HA, hvernig skipulag er á mörgum hlutum og hvernig það virkar.

4. Önnur mál

- a. Ein umsókn í námssjóð var samþykkt með fyrirvara um að hún uppfylli skilyrði.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 14:45

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari.